

**105**

13. des.

## 13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er bæjarstjórninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker bæjarstjórnin úr.

## 14. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

## 15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 100 krónum, sem renna í bæjar-sjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3 nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. desember 1920.

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Gjaldskrá

**106**

13. des.

fyrir

**notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.**

## 1. gr.

Verð á rafmagni til lýsingar er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50	Watt	kr.	36,00
»	75	»	»	52,00
»	100	»	»	64,00
»	150	»	»	96,00
»	200	»	»	124,00

»	250	»	»	156,00
»	300	»	»	184,00
»	350	»	»	212,00
»	400	»	»	240,00
»	450	»	»	268,00
»	500	»	»	296,00

**106**  
13. des.

og svo 28 kr. fyrir hver 50 watt úr því. Leiga fyrir takmarkarana er innifalin í þessu verði.

Um mæli er verðið þannig :

- a. Til lýsingar 100 aurar fyrir hverja kilowattstund.
- b. Til vjela við iðnrekstur 50 aurar fyrir hverja kilovattstund.
- c. Til suðu og hitunar 12 aurar fyrir hverja kilowattstund.

Ofan nefnt gjald undir staflið a. og c. er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um alt að 25%, og gjald undir staflið b. um alt að 50% bæði í einstökum tilfellum og almennt.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggja bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf.

### 2. gr.

Leiga eftir mæli er kr. 16,00 á ári. Sje mæli eða straumtakmarkari ekki til í svip handa einhverjum straumnotanda ákveður rafveitunefnd gjaldið, með tilliti til straummagns þess, sem notað er, þar til úr því verður bætt.

### 3. gr.

Gjaldið greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þar sem straumtakmarkari er notaður er  $\frac{1}{4}$  hluti greiddur í hvert skifti. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga er rafveitunni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er bæjarstjórnin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmarkara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjer með sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 13. desbr. 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*